
LOKASKÝRSLA

AÐ KENNA GAGNRÝNA HUGSUN MEÐ HEIMSPEKILEGRI SAMRÆÐU

ÞRÓUNARVERKEFNI Í GARÐASKÓLA 2010-2011

EFNISYFIRLIT

| | |
|--|---|
| INNGANGUR..... | 1 |
| ÞÁTTTAKENDUR..... | 1 |
| MARKMIÐ..... | 2 |
| GAGNRÝNING HUGSUN OG HEIMSPEKILEG SAMRÆÐA..... | 2 |
| FRAMKVÆMD..... | 3 |
| LÆRDÓMUR AF ÞRÓUNARVERKEFNINU..... | 4 |
| Í KJÖLFAR ÞRÓUNARVERKEFNISINS..... | 6 |

INNGANGUR

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir þróunarverkefninu "Að kenna gagnrýna hugsun með heimspekilegri samræðu" sem unnið var í Garðaskóla veturinn 2010-2011 með styrk frá Vonarsjóði Kennarasambands Íslands.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir meginmarkmiðum verkefnisins og hvernig tókst að ná þeim. Verkefnið leiddi hópinn inn á nýjar og ófyrirséðar brautir og skýrslan gerir líka grein fyrir þeim lærdómi og hvert framhald verkefnisins verður.

Brynhildur Sigurðardóttir tók skýrsluna saman fyrir hönd hópsins í júní 2011.

ÞÁTTTAKENDUR

Sjö kennarar í Garðaskóla unnu þróunarverkefni um að innleiða heimspekilega samræðu í kennsluna hjá sér skólaárið 2010-2011. Kennararnir voru:

- Anna Eyvör Ragnarsdóttir, kennir ensku og spænsku
- Brynhildur Sigurðardóttir, kennir heimspeki og lífsleikni
- Guðrún Björk Einarsdóttir, kennir textílmennt
- Halla Thorlacius, kennir ensku
- Ingibjörg Anna Arnarsdóttir, umsjón og deildarstjórn, forfallakennari
- Ingimar Ólafsson Waage, kennir myndmennt, lífsleikni, heimspeki og margmiðlun
- Reynir Engilbertsson, kennir samfélagsfræði

Ingimar og Brynhildur stjórnðu verkefninu og leiðbeindu hinum kennurunum.

MARKMIÐ

Í upphafi verkefnisins setti hópurinn sér 4 megin markmið:

1. að kennarar auki skilning sinn á gagnrýninni hugsun og hvernig hægt sé að þjálf hana hjá nemendum á unglingsstigi
2. að kennarar nýti heimspekilega samræðu til að skoða og gagnrýna eigin kennslu og leita leiða til að bæta hana
3. að kennarar þjálfist í að leiða heimspekilega samræðu í nemendahópum
4. að kennarar verði undirbúnir til að þjálf fleiri kennara í heimspekilegri samræðu og leiðbeina þeim við innleiðingu aðferðarinnar í kennslu

GAGNRÝNING HUGSUN OG HEIMSPEKILEG SAMRÆÐA

Síðustu misserin hefur mikið verið kallað eftir því í íslensku samfélagi að leitað sé leiða til að efla gagnrýna hugsun samfélagsþegnanna. Í íslenskum námskrám allra skólastiga hefur síðustu áratugin verið lögð áhersla að íslensk ungmenni eigi að læra að beita gagnrýninni hugsun. Raunin er hins vegar sú að þegar námsefni og kennsluaðferðir eru skoðaðar er alls ekki ljóst hvað átt er við með gagnrýninni hugsun og þaðan af síður hvernig eigi að kenna hana. Í þessu þróunarverkefni er leitað til heimspekinnar eftir skilgreiningu á gagnrýninni hugsun og aðferð til að kenna hana.

Gagnrýnin hugsun er hugsun sem beitir ákveðnum vinnubrögðum en hún ekki bara aðferð heldur líka viðhorf. Tilgangur gagnrýninnar hugsunar er ávallt að læra meira eða með öðrum orðum að nálgast sannleikann. Þetta er hugsun sem er knúin áfram af forvitni og reynir að virkja bestu svörin sem eru til staðar hverju sinni og setja þau í rétt samhengi. Matthew Lipman¹, bandarískur heimspekingur sem vann brautryðjendastarf í heimspekikennslu fyrir börn á seinni hluta 20. aldar, leggur áherslu á að gagnrýnin hugsun er hornsteinn góðrar dómgreindar með því að vera hugsun sem:

1. byggir á rökum
2. tekur tillit til samhengis
3. leiðréttir sjálfa sig

Lipman benti á að best væri að þjálf slíka hugsun í heimspekilegri samræðu þar sem þátttakendur fá svigrúm til setja fram eigin spurningar og bera hugmyndir sínar og þekkingu saman við hugmyndir annarra í samræðuhópnum. Samræðan einkennist af því að krafa er gerð um að þátttakendur sýni hver öðrum virðingu og hlusti vel á hver aðra, þeir eiga að spyrja og segja skoðanir sínar til þess að kafa dýpra í viðfangsefnið. Viðfangsefni samræðunnar þarf að vera heimspekilegt, það er að segja það þarf að vera opið og umdeilanleg því annars er betra að leita svara hjá fræðimönnunum sem vita réttu svörin.

Það er mat þeirra sem að þessu þróunarverkefni standa að það þurfi að auka hlut heimspekilegrar samræðunnar í kennslu í Garðaskóla og íslenskum skólum almennt. Kennarar hafa almennt ekki mikla reynslu af heimspeki og þeir hafa ekki fengið mikla þjálfun í að stjórna samræðu. Þrátt fyrir að fjallað sé um mikilvægi samræðu í kennaranámi og af fræðimönnunum þá

¹ Sjá til dæmis grein um Matthew Lipman á Wikipediu: http://en.wikipedia.org/wiki/Matthew_Lipman

hafa kennarar oft lítinn skilning á því að samræða er námsumhverfi sem gefur nemendum tækifæri til að gera skólanámið að sínu með því að tengja eigin hugmyndir við þau nýju fræði sem skólinn kennir. Auk reynsluleysis kennara eru fleiri hindranir sem skýra af hverju heimspekileg samræða er ekki mikið notuð kennsluaðferð. Nemendahópar eru stórir, samræðan er tímafrek og þau markmið sem skólinn á að vinna að eru mörg óheimspekileg og því betra að nálgast þau með öðrum kennsluaðferðum. En á sama tíma á skólinn að vera samfélag sem hlúir að manneskjum og kemur börnum og unglingum til þroska. Til þess að geta tekist á við það verkefni er nauðsynlegt að í skólum sé svigrúm til að hlusta á nemendur og þjálfá þá í að koma eigin hugmyndum á framfæri og þróa þær áfram í átt til dýpri skilnings. Í heimspekilegri samræðu er markmiðið að einstaklingurinn kynnist sjálfum sér betur, læri að þekkja hvernig aðrir hugsa líkt og ólíkt, þjálfí gagnrýna, skapandi hugsun og taki þátt í uppbyggilegum og öguðum samskiptum.

FRAMKVÆMD

Í september 2010 sóttu þátttakendur í þróunarverkefninu þriggja daga námskeið hjá frönskum heimspekikennara, Dr. Oscar Brenifier þar sem fjallað var um heimspekilega samræðu og ýmis verkefni unnin til að kynnast kennsluaðferðinni. Á námskeiðinu fengu þeir kennarar sem höfðu áhuga líka að æfa sig í samræðustjórnun.

Þróunarhópurinn hefur fundað mánaðarlega. Ingimar og Brynhildur skipulögðu fundina og lögðu lesefni fyrir hópinn. Tilgangur fundanna var að kennararnir beittu heimspekilegri samræðu til að rýna í eigin kennslu og skólustarf almennt. Áhersla var lögð á að hver kennari hugsaði um hvaða svigrúm hann hefði í faginu sínu til að innleiða heimspekilega samræðu og nýta hana sem kennsluaðferð. Kennarar sögðu frá verkefnum sem þeir prófuðu í eigin kennslu og fengu endurgjöf frá hópnum. Á fundunum voru teknar sameiginlegar ákvarðanir um framvindu verkefnisins.

Allir þátttakendur í hópnum lásu eftirfarandi texta og þeir voru ræddir á fundum:

- Brenifier, O. (2004). *Bare Spør*. Norsk pýðing unnin af Karin Elisabeth Ellefsen. Oslo: J.W. Cappelens Forlag.
- Golding, C. (2002). *Connecting Concepts*. Melbourne: ACER press.
- Róbert Jack. (2006). *Hversdagsheimspeki*. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Heimspekistofnun.
- Róbert Jack. (2011). Barnaheimspeki er rannsókn á möguleikum. Róbert Jack ræðir við Hrein Pálsson og Brynhildi Sigurðardóttur. *Hugur*, 22, bls. 8-28.

Brynhildur hélt tvö örnámskeið þar sem þátttakendur voru leiddir í gegnum tvenns konar samræðuverkefni. Annað verkefnið var hugtakagreining í anda Clinton Golding (sjá lesefnislista hér að ofan) og hitt verkefnið var inngangsverkefni þar sem þátttakendur skilgreindu viðmið eða reglur fyrir samræðufélagið sitt. Á báðum þessum örnámskeiðum voru þátttakendur fleiri en bara þeir kennarar sem unnu saman að þessu þróunarverkefni.

Allir þátttakendur lögðu fyrir samræðuverkefni í kennslunni sinni á haustönn og vorönn. Þessi verkefni voru af ýmsu tagi og fór það eftir fögum og kennurum. Dæmi um þessi verkefni eru:

- Lífsleikni í 8. bekk: Brynhildur, Ingimar og Ingibjörg Anna (í forföllum) stjórnðu umræðu um hamingjuna í öllum 8. bekkjum skólans. Kennari byrjaði á því að spyrja allan hópinn "Hvað er æðsta takmarkið í lífinu? Að hverju stefnum við öll?" Í flestum hópum kom fljótlega svarið "hamingja" frá nokkrum nemendum, í einum hópi var ríkjandi svar "að lifa lífinu til fulls." Þá bað kennari nemendur næst um að skrifa litla sögu úr eigin lífi, dæmi um atvik eða tíma þar sem þau voru hamingjusöm eða fannst þau vera að lifa lífinu til fulls. Þegar allir nemendur voru búnir að skrifa sögu lásu þeir nemendur sem vildu söguna sína og síðustu mínútur tímans voru notaðar í að ræða hvað væri sameiginlegt í sögunum – hvað einkenndi hamingjuna samkvæmt þessum sögum nemenda.
- Samfélagsfræði í 9. bekk: Reynir stjórnaði samræðu um hugmyndir nemenda um Afríku. Hann opnaði verkefnið með hugflæði nemenda: "Hvað dettur ykkur í hug þegar þið heyrið um heimsálfuna Afríku?" Nemendur sögðu frá hugmyndum sínum sem voru mjög gildishlaðnar og neikvæðar. Reynir spurði þá "Hvers vegna eru hugmyndirnar svona neikvæðar?" og leiddi áfram samræðu þar sem nemendur lögðu fram ýmsar tilgátur og veltu þeim sín í milli. Reynir notaði sjálfur ákveðnar spurningar til að beina samræðunni að þeim siðferðilegu álitamálum sem upp komu í samræðunni, t.d. "er eitthvað að stjórnarfarinu í löndum Afríku?" og "eru munur á þjóðum eftir kynþáttunum sem í þeim búa?"
- Enska í 10. bekk: Halla lagði fyrir verkefni um vináttuna. Hún byrjaði á að láta nemendur svara skriflega spurningunni "What is a true friend?" með einni stuttri málsgrein. Nemendur lásu upp svörin sín og að því loknu bjuggu þeir til spurningar til að kryfja betur svörin sem höfðu komið fram.
- Enska í 10. bekk: Anna kenndi í nokkrum bekkjum verkefni með yfirskriftinni "My perfect country." Nemendur voru í hópum og hver hópur fjallaði um mismunandi þætti t.d. skipulag, menntun, heilbrigðismál, lög, rétt og skyldur. Verkefnið var góður grundvöllur fyrir samræðu um réttindi og skyldur borgaranna og ábyrgð þeirra og stjórnvalda. Samræða nemenda gekk misvel eftir hópum. Í einum hópnum höfðu nemendur meiri áhuga á að ræða um íþróttamót og gleðistundir heldur en réttindi og skyldur en í öðrum hópum voru nemendur áhugasamir og báru saman skoðanir sínar um rétt einstaklinga og vald stjórnvalda.
- Fatahönnun í 10. bekk: Guðrún stjórnaði samræðu nemenda um hugtakið tíska. Hún lagði áherslu á að fá sem flesta nemendur til að hafa skoðun og koma henni á framfæri. Nemendur skrifuðu niður skilgreiningar sínar, lásu þær upp og skiptust á skoðunum um hvað væri líkt og ólíkt í skilgreiningunum.

LÆRDÓMUR AF ÞRÓUNARVERKEFNINU

Í lok skólaársins settist hópurinn saman til að meta hvað hefði áunnist með verkefninu. Allir þátttakendur svöruðu eftirfarandi spurningum skriflega og síðan voru þær ræddar í hópnum:

- Af hverju vildir þú taka þátt í þróunarverkefninu?
- Hvað finnst þér hafa verið gott eða heppnast vel í þessu þróunarverkefni?
- Hvað finnst þér að hefði mátt heppnast betur í þessu þróunarverkefni?
- Hefur þátttaka þín í verkefninu haft áhrif á kennsluhætti hjá þér? Útskýrið.
- Var leiðsögn frá Brynhildi og Ingimar nægilegar og/eða gagnlegar? Útskýrið.

- Hefur þú áhuga á að halda áfram þróunarvinnu á þessu sviði? Til dæmis á námskeiðum og í umræðuhópum sem verða í boði fyrir kennara í Garðabæ næsta vetur?
- Hefur þú náð markmiðunum sem lagt var upp með?

Í grófum dráttum má segja að kennararnir hafi náð öðru markmiði þróunarverkefnisins, fetað sig í átt að því fyrsta og því þriðja en að ekki hafi verið svigrúm til að vinna að fjórða markmiðinu. Þetta síðasta markmið, að kennarar yrðu færir um að þjálfa aðra byrjendur í aðferðinni, var óraunhæft því kennararnir þurfa mun meiri og markvissari þjálfun en í boði var til að verða öruggir í að beita samræðuaðferðinni. Það má kannski segja almennt um þetta þróunarverkefni að Ingimar og Brynhildur hefðu getað beitt sér markvissar til að leiðbeina hinum kennurunum að taka fyrstu skrefin í heimspekilegri samræðu. Sem verkefnisstjórar lögðu þau upp með að framvinda verkefnisins væri á sameiginlega ábyrgð hópsins. Þetta var jákvætt að því leiti að umræða þátttakenda fór fram á jafningjagrundvelli og ríkjandi viðhorf í hópnum var að allir hefðu mikilvæga þekkingu fram að færa. En sú sérþekking sem Ingimar og Brynhildur hafa á heimspekilegu samræðuaðferðinni skilaði sér ef til vill ekki nógu markvisst í gegn.

Kennararnir í hópnum telja að þátttaka í þróunarverkefninu hafi haft áhrif á hugsun þeirra um kennsluna og jafnvel kennsluhætti. Þeim hefur ekki öllum tekist að finna samræðunni stað í efnismikilli skólanámskránni og þéttpökkuðum kennsluáætlunum en verkefnið hefur þó skilað ákveðinni hugarfarsbreytingu. Einn kennarinn útskýrir að hann hafi í vetur " notað samræður meira í kennslustundum og einnig æft mig í að fá nemendur til að færa rök fyrir svörum sínum." Kennararnir telja sig vera meðvitaðri um hvers konar spurningar þeir nota til að virkja nemendur í umræður: "ég finn að ég spyr nemendur annarskonar spurninga til að fá fram uppbyggilegri samræður og fá þau til að velta málum fyrir sér." Það má greina blæbrigðamun á kennsluháttum þátttakenda. Raddir nemenda heyrast betur og eru nýttar í verkefnum og umræðum, kennarar eru meðvitaðri um að það þurfi að stjórna og stýra umræðum til að þær þjóni kennslufræðilegum tilgangi. Þeir hafa aukið meðvitund sína um þá möguleika sem felast í samræðunni og eru farnir að átta sig á því hvers konar verkefni það er fyrir kennara að stjórna samræðu í stórum hópi nemenda.

Það er greinilega meiri áskorun fyrir enskukennarana að tvinna samræðu inn í kennsluna hjá sér heldur en hina kennarana sem tóku þátt og kenna listgreinar, samfélagsfræði og lífsleikni. Enskukennararnir benda á að vinna með málfræði og orðaforða henti illa til samræðu en sé mjög tímafrek. Einnig finnst þeim nemendur mjög ragir við að tjá sig á ensku og það er erfið hindrun að yfirstíga þegar nemendur hafa enga samræðubjálfun í grunninn.

Allir í þróunarhópnum voru sammála um að mesti lærdómurinn af verkefninu var hversu gagnlegir mánaðarlegu fundirnir voru. Þótt þessir fundir hafi ekki farið eins mikið í að þjálfa ákveðnar kennsluáðferðir og upphaflega var gert ráð fyrir þá voru þeir mjög mikilvægur samstarfsmáti. Hópurinn beitti óformlegri útgáfu af heimspekilegri samræðu á þessum fundum og þar með fengu kennararnir ákveðna fyrirmynd að þeirri samræðu sem vonast er til að hægt verði að auka í Garðaskóla. Kennarahópurinn nýtti fundina til að ræða opinskátt um kennsluhættina sína, segja frá aðferðum og viðhorfum, spyrja hina og gagnrýna það sem sagt var. Öllum fannst þeir vera að læra eitthvað nýtt um sjálfa sig og skólann í gegnum samræðuna. Umræðan var opin og heiðarleg, kennararnir lögðu mat á sína eigin kennslu og með því að heyra hina gera það sama var eins og við hættum að vera ein með tiltekin vandamál sem við þurftum að glíma við. Sumir í hópnum höfðu orð á því að þetta væri annars konar umræða en á hefðbundnum kennarafundum því að við vorum að fást við okkar spurningar, ekki viðfangsefni sem stjórnendur eða aðrir starfsmenn hefðu ákveðið að taka ætti fyrir. Það er grundvallaratriði í heimspekilegri samræðu að spurningarnar komi frá þátttakendum og því er sérstaklega áhugavert að fá þessa niðurstöðu í kennarahópnum. Ef til vill er þetta atriði sem stjórnendur skóla ættu að taka meira tillit til þegar þeir eru að skipuleggja faglegt samstarf og gæðamál í skólum sínum.


Í KJÖLFAR ÞRÓUNARVERKEFNISINS

Næsta vetur fer af stað stærra þróunarverkefni í leik- og grunnskólum Garðabæjar þar sem markmiðið er að þjálfa kennara til að kenna heimspekilega samræðu í öllum árgöngum skólanna í sveitarfélaginu. Nokkrir af kennurunum sem unnu verkefnið í Garðaskóla í vetur ætla að láta þar við sitja en hinir halda áfram að þróa leiðir til að auka hlut samræðunnar í kennslunni hjá sér. Brynhildur og Ingimar eru í verkefnisstjórn framhaldsverkefnisins og þeim nýtist mjög vel reynslan af þessu verkefni í Garðaskóla. Þau munu til dæmis leggja áherslu á að skilgreina betur markmið og grunnhugtök fyrir þeim kennurum sem taka þátt og gefa skýrari fyrirmæli um þau verkefni sem þeir eiga að þjálfa sig í. Kennararnir í Garðaskóla hafa kunnað mjög vel að meta að fá að koma í heimsókn í heimspekítíma til Brynhildar og Ingimars og því verður lögð áhersla á að hafa slíkar heimsóknir eða sýnikennslu á dagskrá í framhaldinu.

Reynslan í Garðaskóla í vetur sýnir að það er erfitt að koma fyrir tímafrekum nýjungum í skólastarfinu. Skólanámskrá er vel skilgreind og kennsluáætlanir þétt pakkaðar. Það er nauðsynlegt að hafa þetta í huga þegar áhugi er fyrir því að innleiða nýjung eins og heimspekilega samræðan er í þessu samhengi. Það þarf vel skilgreindan tíma til að þjálfa samræðuna með nemendum og þegar slíkur tími er kominn inn í árlegt skólastarf má fara að ætlast til þess að samræðufærni nemenda smitist út til allra námsgreina og að auðveldara verði að virkja nemendur í samræðu, til dæmis í tungumálakennslu.

Að mati þróunarhópsins í Garðaskóla er þetta verkefni mikilvægt. Það er áriðandi að kennarar hugi að því hvernig þeir geta bætt kennsluna hjá sér og nám nemenda með aukinni samræðu um viðfangsefnin. Það er líka mikilvægt að kennarar velti því fyrir sér hvernig þeir nýta kennslutímamann og raða kennsluáðferðum á dagskrá því hjá okkur hefur vaknað spurningin um hvort það séum við sem stjórnnum kennsluáætlunum eða öfugt. Stjórna kennsluáætlanirnar kennaranum? Við erum sannfærð um að heimspekileg samræða er góð aðferð til að glíma við mikilvægar spurningar um starfið okkar og að sama aðferð nýtist nemendum í glímu þeirra við margvíslegar spurningar sem námskrá grunnskólans leggur fyrir.

Fyrir hönd þátttakenda í þróunarverkefninu,


Brynhildur Sigurðardóttir, 14. júní 2011